

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um brunabótatrygging. — **76**

Eptir að þjer hafið kynt yður álit það, er ráðaneytið leitaði hjá forstjóra brunabótafjelags sveitabygginga í Danmörku, etatsráði Tvermoes, út af þingsályktun, er samþykkt var af alþingi 1894 um stofnun brunabótafjelags fyrir kaupstaði og helztu verzlunarstaði á Íslandi, hafið þjer, herra landshöfðingi, í brjefi dagsettu 13. marz þ. á., látið uppi þá skoðun yðar, að skilyrðin fyrir stofnun innlends íslenzks brunabótafjelags eigi væru fyrir hendi og að hætta yrði því með öllu við áform þetta, en að þjer á hinn bóginn samkvæmt tillögum etatsráðs Tvermoes munduð álíta það heppilegast, ef þess væri kostur, að fá brunabótafjelag kaupstaðanna til þess einnig að takast á hendur váttryggingu Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar, og að reynt yrði að gjöra samning við brunabótafjelag sveitabygginga að því er verzlunarstaðina snerti.

Jafnframt því að ráðaneytið fyrir Ísland að öllu leyti fellst á skoðun yðar í þessu efni, lætur það þess getið, að því er snertir frekari aðgjörðir í málinu, að þar sem fyrirspurn, sem gjörð hefir verið til brunabótafjelags kaupstaðanna, um upptöku Ísafjardarkaupstaðs í nefnt fjelag, hefir eins og sjá má af öðru brjefi, dagsettu í dag, verið svarað á þá leið, er eigi gefur neina von um hvorki að nefndur kaupstaður eða Akureyri og Seyðisfjörður verði teknir upp í fjelagið, — er nú adeins eptir að leita samkomulags við brunabótafjelag sveitabygginga.

Áður en hægt er að snúa sjer til brunabótafjelags þessa, verður að útvega eins nákvæmar skýrslur og unnt er um, hvaða kaupstaðir eða verzlunarstaðir óski hluttöku í samningi þessum, og að því hvern þeirra fyrir sig snertir um atriði þau, er koma til greina við váttrygginguna (hve háum tryggingarupphæðum búast má við, hverjar rádstafanir til að fyrirbyggja eldsvoða sjeu fyrir hendi, úr hvaða efni byggingarnar sjeu, fjarlægð þeirra innbyrðis o. s. frv.) og eruð þjer því, herra landshöfðingi, áður frekara verður gjört í málinu, beðinn um að leita upplýsinga þessara og senda þær hingað ásamt ummælum yðar og væntanlegum nánari tillögum.

Brjef þetta eruð þjer beðinn að láta birta í B-deild Stjórnartíðindanna ásamt fyrgreindu brjefi yðar og álitu etatsráðs Tvermoes, sem í því skyni fylgir hjer með í eptirriti.

Brjef landshöfðingja.

Jafnframt því, að senda hingað álit það, er leitað hefir verið hjá forstjóra brunabótafjelags sveitabygginga í Danmörku, etatsráði Tvermoes, út af þingsályktun er samþykkt var af alþingi 1894 um stofnun innlends brunabótafjelags á Íslandi, hefir ráðaneytið í hæstvirtu brjefi 14. janúar þ. á. með skírskotun til þeirra atriða, sem tekin eru fram í áður nefndu álitu, beiðst umsagnar minnar um það, að hve miklu leyti og á hvern hátt ímyndin um innlent íslenzkt brunabótafjelag gæti orðið framkvæmd.

Að þannig gefnu tilefni skal jeg lotningarfyllst leyfa mjer að taka það fram sem hjer segir:

Eins og umræðurnar um mál þetta á alþingi á árunum 1891, 1893 og 1894 bera með sjer, er það hugsun alþingis, að hið áformaða brunabótafjelag skuli ná til hinna fjöggra kaupstaða

22. dag júlím. 1899.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja.

76 landsins og hinna merkilegustu verzlunarstaða, það er að segja þeirra verzlunarstaða, þar sem samanlagt virðingarverð allra bygginganna er 50,000 kr. eða þar yfir. Reyndar ber að athuga að kaupstaðurinn Reykjavík samkvæmt lögum nr. 32, 13. desember 1895 með fullu verði bygginganna er tekinn upp í hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna, og nýtur þar svo góðra kosta bæði hvað ársiðgjald og góða tryggingu snertir, að innlent brunabótafjelag mundi ekki geta boðið jafngóð kjör, og mun það því varla hugsanlegt að nefndur kaupstaður mundi sjálfviljandi vilja slíta sambandi sínu við hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna, en á hinn bóginn virðist það ósanngjarnt að neyða hann til þess með lögum. Það yrðu þannig að eins hinir 3 kaupstaðir: Ísafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður sem mundu verða hluttakendur í hinu innlenda brunabótafjelagi, og eru byggingar þessara kaupstaða eptir húsa-skattsreikningunum fyrir 1896, sbr. Stj.tíð 1897 C. bls. 13, samtals ca. 1 milljónar króna virði, og 10—11 verzlunarstaðir, þar sem byggingar einnig eru samtals ca. 1 milljónar króna virði. Það má þannig ekki búast við stærri tryggingarupphæð en ca. 2 milljónum króna, og það að eins með því skilyrði, að tryggingin sje lögbodin, en að láta trygginguna einnig ná til hinna minni verzlunarstaða og til bygginga fyrir utan verzlunarstaðina virðist ekki ráðlegt, því sá vöxtur iðgjaldsins sem af því orsakaðist, mundi ekki standa í viðunanlegu hlutfalli við það, sem þá yrði í húfi, þar sem reynslan virðist sýna, að húsbrunar komi að tiltölu optast fyrir fyrir utan verzlunarstaðina, og þar við bætist, að sumar af þessum byggingum, t. d. hvalaveiðamannahús, eru svo mikils virði, að það mundi vera innlendu brunabótafjelagi ofvaxið að tryggja þær.

Ennfremur bera umræðurnar á alþingi það með sjer, að tilgangurinn með innlendu brunabótafjelagi átti að vera sá, að ná vægari tryggingarkjörum en nú fást þegar tryggt er hjá útlendum tryggingarfjelögum; ársiðgjaldið í hinu innlenda brunabótafjelagi átti eptir því að verða minna en $\frac{5}{100}$, og hefir jafnvel verið gengið út frá að iðgjaldið í hinu fyrirhugaða fjelagi yrði ákveðið $\frac{3}{100}$. Þegar, eins og nýlega er dregið á, ekki má búast við stærri sam-
anlagðri tryggingarupphæð en ca. 2 milljónum króna, yrði ársiðgjaldið samtals ekki meira en ca. 6000 kr., og ef fjelagið, eins og etatsráð Tvermoes álitur, ekki á að hafa meira en $\frac{1}{4}$ af ársiðgjaldinu á eigin ábyrgð, þá gæti það ekki haft meira en ca. 1500 kr. í húfi á hverjum stað, eða, ef ársiðgjaldið yrði ákveðið $\frac{4}{100}$ ca. 2000 kr. Fjelagið mundi því eigi af eigin ramm-
leik vera fært um að taka í ábyrgð aðrar byggingar en þær, sem virtar væru á 1500—2000 kr. og þar undir, og það eru að eins örfáar byggingar til, sem eru svo lítils virði, en ef vátryggja ætti aptur (reassurere) það sem umfram er 2000 kr., mundi vátrygging sú, er fengist hjá fjelaginu fyrir 3 eða $\frac{4}{100}$ hafa mjög litla praktiska þýðingu. Að vísu virðist alþingi hafa miðað við það, að húsbrunar kæmu svo sjaldan fyrir hjer á landi, að hið fyrirhugaða fjelag án verulegrar áhættu mundi geta tekið byggingar, hve hátt sem þær væru virtar, í ábyrgð, án þess að vátryggja aptur (reassurere), og þótt óhapp bæri að höndum, mundi lands-
sjóður ávalt geta hlaupið undir bagga og lagt út það sem á vantaði, gegn því að það yrði endurgoldið af ágóða næsta árs, en eins og stjórnin að mínu áliti ekki getur stuðlað að því, að koma á stofn fyrirtæki, sem að öllu leyti er byggt á vogun, eins mun það eigi gjörlegt að leggja á landssjóð um óákveðið áratímabil ótakmarkaða ábyrgð á fjártjóni því, sem leiða kynni af slíku fyrirtæki, og jafnvel þó ábyrgð þessi væri einskorðuð við 200,000 kr., eins og etatsráð Tvermoes hefir lagt til, mundi það vera mjög ísjárvert að skylda landsjóð til þess að vera viðbúinn því að leggja út slíka upphæð gegn endurgjaldi, sem óvíst er um hvort fæst eða að minsta kosti tekur langan tíma að greiða. Yfirleitt má segja, að landssjóður sje orðinn svo þungum álögum hlaðinn, að eigi sje tiltækilegt, eins og fjárhagur hans nú stendur, að leggja á hann nýjar kvaðir.

Þar eð jeg heldur eigi get sjeð, að skilyrðin fyrir vátryggingu þeirri á byggingum

og búshlutum fyrir alt að 10,000 kr., sem etatsráð Tvermoes getur um og sem þá yrði að vera sjálfviljug, sje fyrir hendi, verður að mínu áliti með öllu að hætta við að koma á innlendu brunabótafjelagi. Á hinn bóginn er jeg alveg samdóma etatsráði Tvermoes um, að heppilegast væri að fá brunabótafjelag kaupstaðanna til þess einnig að taka að sjer váttrygging á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði og að reynt yrði að gjöra samning við brunabótafjelag sveitabygginganna að því er verzlunarstaðina snertir.

Brjef etatsráðs Tvermoes dagsett 11. jan. 1899.

Með brjefi, dagsettu 23. janúar 1895, hefir hið heiðraða ráðaneyti óskað álits míns viðvíkjandi frumvarpi því, um stofnun brunabótasjóðs fyrir Ísland, er hjer með endursendist, ásamt nefndarálitu því, er því fylgdi.

Út af þessu skal jeg geta þess, að skilyrðið fyrir því, að jeg geti gjört ýtarlega grein fyrir skoðun minni á þessu máli, er bæði að mjer sje vel kunnugt um hvernig til hagar á stöðum þeim, er hjer ræðir um, en slíkan kunnugleik skortir mig, og að jeg hafi nákvæmt yfirlit yfir hið mismunandi byggingarlag er tíðkast á Íslandi, tölu bygginga í hverjum þeirra flokka, er þær eptir tilhögun sinni geta skiptst í og loks yfir skiptingu flokka þessara eptir stærðarmun. Af upplýsingum þeim, sem látnar eru í tje í nefndarálitinu, þykist jeg geta ráðið með vissu, að tala bygginga þeirra á Íslandi, er váttryggðar verða, sje svo lág, að eigi sje hægt að koma við á Íslandi beint reglum þeim, er almennt gilda um váttryggingu, en að laga verði þær eptir því sem þar tilhagar. Jeg hefi snúið mjer til ýmsra sem kunnugir eru á Íslandi og leitast við að fá hjá þeim svo ýtarlegar upplýsingar í þessu efni, að jeg gæti stutt skoðun mína með tölum. Mjer hefir því miður ekki tekist þetta eins vel og jeg hefði óskað, og þar eð störf mín hafa hamlað því, að jeg gæti tekizt á hendur ferð til Íslands, sem jeg nú í tvö ár hefi haft í hyggju, til þess að kynna mjer landsháttu, hefi jeg eigi lengur viljað draga að láta í ljósi álit mitt um málið, jafnvel þótt það mestmegnis verði að byggjast á teoretiskum athugunum, og verð jeg þá að geta þess, að eptir því sem frumvarpið í heild sinni er orðað og þar sem það eigi setur neitt takmark fyrir upphæð trygginga þeirra, er takast eiga á hendur, þá verð jeg að álita að stofnun slíks sjóðs, sem hjer ræðir um, sje mjög athugaverð. Til frekari sönnunar skal jeg taka fram það, sem hjer segir.

Í sjerhverju váttryggingarfjelagi verður upphæð hverrar einstakrar ábyrgðar að standa í vissu hlutfalli við ársiðgjaldið, svo að einn einstakur húsbruni eigi geti orðið öllu fjelaginu að falli, og gagnkvæmilegt ábyrgðarfjelag er fært um að takast á hendur hlutfallslega meiri áhættu á hverri einstakri tryggingu en hlutafjelag, af því það getur tekið til innbyrðis ábyrgðar og jafnað niður á alla hluttakendur, þegar óvenjulegan skaða ber að höndum, en samt sem áður mun það þó, ef litið er á málið frá váttryggingarfjelagsins hlið, vera að færast of mikið í fang fyrir gagnkvæmilegt tryggingarfjelag, er byrjar starf sitt, að hætta meiru sjálft en hjer um bil $\frac{1}{4}$ af ársiðgjaldinu, og þar sem nefndarálitið byggir á því, að búast megi við, að í mesta lagi verði váttryggt fyrir alls 4 milljónir, en 12000 kr. borgaðar í iðgjöld, þá ætti hið fyrirhugaða fjelag ekki að takast á hendur stærri áhættu á hverjum einstökum stað en 3000 kr. En þar sem skýrslur þær, er jeg hefi leitað mjer, bera með sjer, að verzlunarhús opt eru fleiri en eitt hús, og að sum þessara húsa eru meira en 20—25000 kr. virði, þá er það auðsætt, að það í rauninni hefir enga verulega þýðingu, að iðgjaldið fyrir þessar 3000 kr. sje að eins $\frac{3}{100}$, ef leggja skal $\frac{5}{100}$ á alla hina tryggingarupphæð verzlunarhúsanna, til þess að geta váttryggt váttrygginguna í öðru fjelagi (reassurere), því vitanlega verður fjelagið að borga hið aukna iðgjald sem endurtryggingarfjelagið heimtar, en ef fjelagið tekur að eins á sjálft sig áhættuna af þeim 3000 kr., þá er auðsætt að það muni liða mjög langur tími þar til safnast geti sjóður sem nokkru nemi, hversu vel sem gengur fyrir fjelaginu. Eptir því sem

76 fjelaginu safnast sjóður, getur það aukið upphæð þess fjár, sem það sjálft tekur á sig ábyrgð á, en fyr en sjóður þess er að minsta kosti þrisvar til fjórum sinnum stærri en hin stærsta upphæð, sem fjelagið tekst á hendur ábyrgð á, getur eigi verið að ræða um neinn afgang, þar sem eigi þarf nema tvo húsbruna til þess að allur sjóðurinn tæmist. Eptir því sem jeg hefi heyrt, brunnu verzlunarhús F. Holmes á Vestdalseyri við Seyðisfjörð fyrir 3 árum síðan, og eru verzlunarhús þau, 3 að tölu með 6 álma millibili, er byggð voru upp af rústum þeirra metin á hjer um bil 24000 kr., á Oddeyri við Eyjafjörð á sama verzlun 4 hús og er eitt þeirra 20 til 25000 kr. virði og annað hátt upp í það; sagt er að verzlunin Örum & Wulff eigi verzlunarstöð þar er tvö hús sje hvort fyrir sig virt á hjerumbil 25000 kr. Af þessu sjest að mögulegleiki er til þess, að einn einstakur húsbruni geti valdið fjártjóni, sem er mörgum sinnum stærra en 12000 kr. iðgjald það, er nefndin hefir gjört ráð fyrir. Til frekari skýringar og samanburðar skal jeg geta þess, að »det gensidige Lösöre-Selskab« í Danmörku, sem árlega fær 700,000 kr. í iðgjöld og sem á höfuðstól er nemur $3\frac{1}{2}$ milljón krónum, eigi tekur á sjálft sig áhættu fyrir meira en 100,000 kr. af byggingum af þeirri tegund sem tíðkast á Íslandi. Auðvitað má treysta á heppnina og komast hjá að endurtryggja í öðru fjelagi, en þó vel fari, er ekki um afgang að ræða, fyr en kominn er sjóður, sem að minnsta kosti sje þrisvar sinnum stærri en hin stærsta áhætta, sem fjelagið tekur á sig, og jafnvel stærri. En þetta getur líka misheppnast. 22. gr. lagafrumvarpsins gjörir þá ráð fyrir að landssjóður leggi fram það sem á vantar, gegn því að fá upphæðina endurgoldna af ágóða fjelagsins, en húsbrunar eru mjög mistíðir og reynslan hefir sýnt að þá getur borið að höndum hvern á fætur öðrum mörg ár í röð — eins og nú sem stendur í Danmörku — og þá er um engan ágóða að ræða svo árum skiftir; þessari grein verður því að líkindum að breyta þannig, að endurgjaldi til landsjóðs á hinni útlögðu upphæð sje svo hagað, að lagt sje á váttryggjendur um tiltekið áratímabil aukaiðgjald, en ef váttryggingin er eigi lögbodin, er engin víska fyrir að upphæðin verði borguð, nema því að eins að bætt verði við því ákvæði, að váttryggjandi skuli greiða alla upphæð aukaiðgjaldsins sem eptir stendur, ef hann gengur úr fjelaginu. Auk þess getur það verið ísjárvert fyrir landsjóð að taka á sig ótakmarkaða ábyrgð, og væri því sjálfsagt rjettast að einskorða hana við 150,000 til 200,000 kr., en lægri upphæð má það eigi vera.

Mjer virðist nefndin byggja álit sitt á því, að húsbrunar komi að tiltölu sjaldan fyrir á Íslandi, og þessi skoðun styðst að vísu við það, að húsbrunar í Reykjavík um vist áratímabil að eins hafa numið 13000 kr., en spurningin er, hvort upphæð sú, sem afgangur verður, fram yfir það sem skaðinn nemur, er nægileg til að bæta upp fjártjón það er af því getur leitt, ef einhver af hinum stærstu byggingum, sem váttryggðar eru, brennur. Þar sem nefndin álitur $3\frac{0}{100}$ nægilegt iðgjald af 4 milljónum króna, gjörir hún ráð fyrir að árlega brenni aðeins 3 hús af hverju þúsundi váttryggðra bygginga, er hver nemi þeirri upphæð sem fæst, með því að deila með tölu hinna váttryggðu húsa í 4 milljónir, en á hinn bóginn er engin víska fyrir því að byggingar þær, sem brenna eigi, nemi tíu sinnum stærri upphæð en meðaltalsupphæðin.

Nú getur verið og er jafnvel líklegt að hinar stærri verzlunir eigi vilji váttryggja í sjóði í innlendu ábyrgðarfjelagi þar sem þær ógjarnar vilja eiga á hættu að iðgjald það, er þær eiga að greiða hækki stórum, og með því þær auk þess verða að váttryggja vörubýrgðir sínar í sjóðum, þar sem byggingar þeirra nú einnig eru váttryggðar og þar sem þær eru óhultar fyrir því að iðgjald þeirra fari eigi fram úr $5\frac{0}{100}$.

Ef stofna ætti váttryggingarfjelað á Íslandi, væri sjálfsagt rjettast að fara sjer hægt fyrst í stað og takast eigi á hendur stórar ábyrgðir. Ef kostur er á nokkurn veginn hæfilega mörgum váttryggingum, þar sem bygging og búsgögn nema alt að 10,000 krónum,

vildi jeg ráða til að búsgögn væru tekin með í váttrygginguna og að fjelagið fyrst um sinn eigi tæki að sjer tryggingar er næmu hærri upphæð en 10,000 krónum, annaðhvort fyrir bygginguna eingöngu, eða fyrir byggingu og búsgögn til samans, eða fyrir búsgögn eingöngu. Með því að setja slík takmörk gæti fjelagið, þótt eigi væri það með öllu hættulaust, tekið áhættuna á sjálft sig, og mætti þá setja ábyrgð landsjóðs 30,000 til 40,000 kr., og ef fjelaginu farnaðist vel og því safnaðist jafustór sjóður, gæti það smátt og smátt hækkað upphæð þá, er það tækist á hendur að ábyrgjast.

Útborgun þeirri á bónus, er ræðir um í nefndarálitinu verður, hvernig sem fer, að fresta um lengri tíma, og jeg álít að heppilegast væri, þegar sá tími er kominn, að um útborgun á bónus geti verið að ræða, að hann þá yrði greiddur með því að færa niður iðgjaldið, en það getur eigi orðið fyr en fjelagið hefir eignast varasjóð, sem er fjórum til fimm sinnum stærri en upphæð sú, er hin hæsta trygging nemur.

Það eru mjög litlar líkur fyrir því að Reykjavíkurbær, muni fáanlegur til að tryggja hús sín í innlendum brunabótasjóði, þar sem bærinn í brunabótafjelagi dönsku kaupstaðanna aðeins greiðir 4,500 kr. í iðgjald af ábyrgðarupphæð, er nemur ca. $2\frac{3}{4}$ milljónum króna, og skiptist niður á ca. 500 váttryggjendur, og auk þess eigi þarf að óttast að lagt verði á hann aukaiðgjald. Ef sjálfstæður brunabótasjóður ætti að takast á hendur brunabótaábyrgð í hinum stærri kaupstöðum, mundi það að mínu áliti vera heppilegra fyrir Ísland, ef hægt væri að fá brunabótafjelag kaupstaðanna til þess einuig að takast á hendur váttryggingar á Ísafirði Akureyri og Seyðisfirði, og ef til vill einnig í verzlunarstöðunum, eða ef brunabótafjelag kaupstaðanna ekki væri fáanlegt til þess, að þá væri leitað samkomulags við brunabótafjelag sveitabygginga þeim viðvikjandi.

Jeg skal hjer í stuttu máli taka fram niðurstöðu þá, er jeg samkvæmt framanrituðu hefi komizt að:

1. Ef sjerstakur brunabótasjóður verður stofnaður fyrir Ísland, ætti hann eigi að taka að sjer váttryggingar er nemi stærri upphæð en 10,000 kr.
2. Sjóðurinn ætti eigi að greiða bónus, en í lagafrumvarpið ætti að setja það ákvæði, að þegar sjóðurinn hefði eignast höfuðstól (varasjóð) sem væri 5 sinnum stærri en hin stærsta váttryggingarupphæð er hann tekur að sjer, gæti komið til mála að færa niður iðgjöldin.
3. Í 22. gr. ætti að einskorða ábyrgð landssjóðs við vissa upphæð, t. d. 200,000 kr., ef eigi er ákveðið neitt víst um stærð upphæða þeirra, er teknar eru í ábyrgð, en við 50,000 kr., ef upphæðin er einskorðuð við 10,000 kr. og búshlutir einnig teknir í ábyrgð. Loks ætti að setja það ákvæði, að ef ábyrgðarupphæð landssjóðs skerðist, eigi að viuna það upp með því, að leggja á aukaiðgjöld, sem jafna má niður á váttryggjendur svo árum skiptir meðan þeir tryggja í sjóðnum.

Viðvikjandi fyrirspurninni um hvort tiltækilegt væri að sjóður þessi, ef hann kæmist á, tæki bæi í ábyrgð, skal jeg að endingu taka fram, að jeg álít að því ætti að fresta þangað til sjóðurinn er kominn vel á fót, en þar sem á hinn bóginn naumast mun vera hægt að gjöra sjer neina hugmynd um hvernig slíkt mundi reynast, mætti máské fyrst um sinn láta sjer nægja að taka prestssetur í ábyrgð, til þess með því að fá reynzlu fyrir, hverskonar bæi taka ætti í ábyrgð.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norduramtinu og Austuramtinu um sveitfesti og framfærslu purfalings. — Með brjefi, dagsettu 7. f. m., hafð þjer, herra amtmáður, sent hingað erindi með fylgiskjölum frá hreppsnefndinni í